



# Fagna blómaskeiði gjörningalistar

● Listahátíðin Gjörningapoka haldin í Listasafni Reykjavíkur 10.-13. mars ● Vilja kynna listformið fyrir stærri hóp ● Stór hópur listamanna ● Ráðstefna, lifandi gjörningar og myndbandsverk

Ragnheiður Birgisdóttir  
ragnheidurb@mbl.is

„Gjörningapoka er viðburður sem hefur átt sér langan aðdraganda en er loksins að fara af stað núna tveimur árum seinna,“ segir Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Listasafni Reykjavíkur. Á hátíðinni, sem haldin verður í Hafnarhúsi 10.-13. mars, koma saman margir af helstu gjörningalistamönnum síðustu ára auk þess sem yngri listamenn fá tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr.

„Hugmyndin með hátíðinni var kannski að kynna þetta form fyrir stærri hóp. Það er stundum sagt að fólk sé svolítið hrætt við gjörningalistina en það er algjör óþarfi held ég. Við reynum að benda fólki á að það verða mjög fjölbreytt verk á hátíðinni og fólk finnur klárlega eitthvað við sitt hæfi,“ segir Kristín.

„Til dæmis er opunarverkið hér í húsinu mjög sjónrænt verk sem gestum er eiginlega boðið að ganga inn í. Það er verk eftir Gjörningaklúbbinn, Eirúnu Sigurðardóttur og Jóni Jónsdóttur. Þar eru þær að vinna að undanfara að verki sem verður unnið með Sínfóníuhljóm-sveit Íslands og kemur út árið 2023.“

## Opíð gjörningamarabon

Á dagskránni verða líka opnari viðburðir þar sem gestir fá að taka virkan þátt. „Á föstudagskvöldinu verðum við með dagskrárlíð sem kallast *Pokulúðurinn*. Þá ætlum við að bjóða hverjum sem er sem gengur hérna inn að fremja gjörning. En það er alls engin skylda, það má líka koma og horfa á. Þetta verður svona opíð gjörningamarabon. Það eru ungar listakonur sem heita Tara og Silla sem verða gestgjafar og stýra kvöldinu. Ég myndi segja að það væri tækifæri fyrir yngri kynslóð listamanna að spreyta sig.“

Annar dagskrárlíður þar sem gestir fá að taka þátt er svokallaður þáttökugjörningur fyrir alla fjölskylduna. Um hann sjá Ásrún Magnúsdóttir og fjöllistahópur sem



Stuð Uptaka af gömlum gjörningi Ragnars Kjartanssonar, Á ströndinni, verður á dagskrá á sunnudag. Ekki liggur fyrir frá hvaða ári verkið er.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

## Verkefnastjóri Kristín segir fólk ekki þurfa að hræðast gjörninga.

kallar sig Litlu systur. „Þetta er rosalega flottur hópur af ungmönnum sem varð til á Reykjavík Dance Festival. Þau ætla að bjóða í svokallaðan *Morgunverðarklúbb* og þar geta fjölskyldur komið og verið með, það verður aðeins dúllað saman, spiluð tónlist og dansað. Þetta á að vera mjög aðgengilegur gjörningur.“

Lokaatriði hátíðarinnar er verk

sem Margrét Bjarnadóttir og Ragnar Kjartansson unnu saman fyrir Íslenska dansflokkinn árið 2017.

„Þetta er nýtilkomið inn í þessa dagskrá af því þetta verk, *No Tomorrow*, var á leiðinni til Rússlands. Það var hætt við það þannig að á síðustu stundu ákváðum við, safnið, dansflokkurinn og þessir listamenn, að bregðast við í sameiningu. Þetta verður strípuð útgáfa af þessu dansverki sem fór á sínum tíma fram á sviði í Borgarleikhúsinu.“

## Dregið upp úr kistunni

Verkin sem verða sýnd eru öll til- tölulega ný, mörg eru lifandi gjörningar sem framkvæmdir verða á staðnum en önnur eru myndbandsverk, sem þó má flokka sem gjörningaverk. Kristín nefnir sem dæmi að verk eftir Ástu Fanneyju Sigurðardóttur sem var frumsýnt á hátíðinni *Sequences* á síðasta ári og myndbandsverk eftir Gjörningaklúbbinn, Eirúnu og Jóni.

„En það er eitt verk sem við erum að draga upp úr kistunni og það er verk eftir Ragnar Kjartansson. Það er gamalt gjörningarverk sem var



Gjörningaklúbburinn Eirún Sigurðardóttir og Jóni Jónsdóttir flytja nýjan gjörning en stillan hér að ofan er úr Vatni og blóði sem einnig verður sýnt.

tekið upp á sínum tíma, en það er ekki búið að útkljá nákvæmlega hvaða ár það var. Það gefur svolítið skemmtilegan tón inn í það sem hefur tekið við hjá honum í hans gjörningaverkum sem svo margir þekkja núna.“

Ráðstefnan Þokuslæðingur, sem haldin verður á fimmtudag, er að sögn Kristínar undanfari hátíðarhaldanna. Hún er unnin í samvinnu við Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands. „Þar munum við rýna í alla þessa sögu og hvað maður gerir við alla þessa gjörninga þegar þeir eru búnir. Við munum tala um þetta listform, sem er oft óskilgreindara en til dæmis málverk, og hvað stofnanir eiga að gera við þennan viðburð sem síðan kannski hverfur. Á að halda utan um þá, má endurtaka þá?“

Einn af okkar stóru forsprökkum í gjörningalistinni á Íslandi, Rúrí, ætla að taka þátt og ræða um sín gjörningaverk í gegnum tíðina.“

Enn sem komið er, er ekki á stefnuskránni að gera hátíðina að endurteknum viðburði. „Þetta er í raun hugsað sem eitt skipti alveg

eins og ef um sýningu væri að ræða.“

## Fer meira fyrir gjörningnum

Í fréttatilkynningu um Gjörningapokuna er samtímanum lýst sem blómaskeiði gjörningalistarinnar og sagt að hátíðin sé haldin til þess að fagna því.

„Ég held við getum sagt að það hafi farið mikið fyrir gjörningum undanfarið ár,“ segir Kristín. Farið sé að líta á gjörninga eins og önnur listaverk og setja þau á sama stall, bæði hér á landi og alþjóðlega. Hún nefnir sem dæmi að Líbia Castro og Ólafur Ólafsson hafi hlotið Íslensku myndlistarverðlaunin á síðasta ári fyrir gjörningalistaverk sem þau unnu í samvinnu við Tófrateymið. Þá séu gjörningaverk Ragnars Kjartanssonar „að taka yfir heiminn“ og hann hafi verið verðlaun- aður fyrir þau.

„Þetta er eitthvað sem við getum fundið í alþjóðlegum listheimi. Það fer miklu meira fyrir gjörningnum og honum er ekki lengur tekið sem einhverju hlíðarformi sem síðan tynist svolítið,“ segir Kristín að lokum.

## Á DAGSKRÁ GJÖRNINGALISTAHÁTÍÐARINNAR 10.-13. MARS

### Umlukt Gjörningapoku

Hátíðin hefst á ráðstefnunni Þokuslæðingi sem haldin verður milli kl. 10 og 16 á morgun, fimmtudag. Formleg opnun hátíðarinnar verður síðan kl. 20 sama kvöld, en þá sýnir Gjörningaklúbburinn, Eirún Sigurðardóttir og Jóni Jónsdóttir, verkið Vitni.

Þá flytur Örn Alexander Ámundason gjörninginn Klemmdur. Kolbeinn Hugi verkið Dýrainernetið og The Post Performance Blues Band gjörninginn The PPBB.

Dagskrá föstudags hefst á því að Katrín Inga Jónsdóttir Hjördisardóttir sýnir einstaklingsgjörninginn Þinn sýndarveruleiki í raunveruleika sýndarveruleikans, milli kl. 10 og 16. Hann má einnig sjá á laugardag og sunnudag. Næst á dagskrá, kl. 17, verður verk Ástu Fanneyjar Sigurðardóttur, Munnhola, obol ombra houp-lá.

Ilmur Stefánsdóttir flytur Fyrsta þokulúðurinn kl. 19:30 og síðan tekur við gjörningamaraboníð Þokulúðurinn undir stjórn Töru og Sillu.

Á laugardagsmorgun, kl. 11, verður þáttökugjörningurinn Morgunverðarklúbburinn haldinn. Ásrún Magnúsdóttir og hópurinn Litla systir stendur fyrir þeim fjölskylduviðburði. Seinna um daginn verður sýnt annað verk eftir Gjörningaklúbburinn, Vatn og blóð, sem og verkið Biðstofa eftur Rákel McMahon, Bergþóru Snæbjörnsdóttur og Dögg Mósesdóttur. Egill Sæbjörnsson og Sigurður Ámundason flytja loks hvor sinn gjörninginn.

Dagskrá sunnudagsins hefst á Gjörningastund með Leikhúsi listamanna. Þá verða sýnd verk eftir Ragnar Kjartansson og Curver.

Dagskránni lýkur loks á verkinu Fórn sem Margrét Bjarnadóttir og Ragnar Kjartansson sömdu fyrir Íslenska dansflokkinn.

Hátíðin fer fram í hinum ýmsu rýmum Hafnarhússins.

Aðgöngumiði á Listasafni Reykjavíkur gildir sem hátíðapassi en sérstaklega þarf að skrá sig á ráðstefnuna Þokuslæðing og greiða ráðstefnugjald.



Katrín Inga Jónsdóttir Hjördisardóttir



Ilmur Stefánsdóttir



Egill Sæbjörnsson